



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 10.05.2012  
Tilv. 2012/0475 - 0.0.01  
TA

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán – þskj. 1137 -704. mál.**

Neytendastofu hefur borist frumvarp til laga um neytendalán, sbr. þskj. 1137-704. mál.

Rétt er að taka fram að Neytendastofa átti fulltrúa í nefnd þeirri sem vann að undirbúningi frumvarpsins. Á vinnslustigi frumvarpsins tókst ekki að koma á framfæri öllum þeim athugasemdum sem stofnunin vildi gera við frumvarp þetta og skilaði fulltrúi stofnunarinnar því inn sérstökum fyrirvara um að stofnunin myndi koma með athugasemdir á síðari stigum. Í nefndinni áttu auk þess sæti fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila og eðli máls samkvæmt var því ekki tekið undir allar athugasemdir stofnunarinnar á vinnslustigi frumvarpsins.

Neytendastofa vill því nú við meðferð málsins í efnahags-og viðskiptanefnd koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp þetta:

**1. 3. gr. frumvarpsins – undanþágur.**

**c-liður 3. gr.:**

Í þessum lið er notað orðið „hliðarstarfsemi“ en í tilskipun ESB á ensku eru notuð orðin „secondary activity“. Lagt er til að í stað orðsins „hliðarstarfsemi“ komi orðið „aukastarfsemi“ og jafnvel verði það nánar skýrt í nefndarátliti við hvað er átt, t.d. nær þetta ákvæði til lánveitinga fjármálafyrirtækja eða Seðlabanka Íslands til eigin starfsmanna, eða falla slíkar lánveitingar utan ákvæða laganna?

**d-liður 3. gr.:** Í tilskipuninni er kveðið á um að hún taki ekki til leigusamninga svo og eignarleigusamningar (e. “leasing“) þegar svo er háttað að neytandi fær hvorki sjálfkrafa né heldur valkvæðan rétt til að eignast lausafé eða fasteign samkvæmt samningi aðilanna og ekki heldur skv.einhliða yfirlýsingu kröfuhafans; eða samkvæmt ákvæði í hliðarsamningi aðilanna. Ákvæði 2. málslíðar d-liðar eins og það er í fyrirbyggjandi frumvarpi er því of víðtækt. Nauðsynlegt er að breyta orðalagi þessa ákvæðis og gæti það hljóðað svo:

*„Leigusamningar eða eignarleigusamningar þar sem ekki er kveðið á um neina skyldu til að kaupa samningsandlagið (lausafé eða fasteign) hvorki í samningnum*

*sjálfum né í hliðarsamningi “.*

Markmið með ákvæði tilskipunarinnar er að fella utan við gildissvið hennar alla samninga sem eru í reynd hreinir leigusamningar svo og sú tegund eignarleigu þar sem samkvæmt þeim sérstöku skilmálum sem gilda milli neytanda og lánveitanda þá myndast aldrei réttur hjá lántaka til þess að eignast hlutinn eða samningsandlagið. Þetta á við þá tegund eignarleigu sem heitir „rekstrarleiga“ (e. operational lease) þ.e. þegar neytandi skuldbindur sig til þess að leigja lausafé; til að mynda bifreið, í ákveðinn lágmarkstíma, til dæmis í 3 ár. Að þeim tíma liðnum er í þessu dæmi bifreiðinni ávallt skilað til eiganda hennar þ.e. leigsala sem oftast en ekki er lánveitandinn. Slíkir lánveitendur hafa yfirleitt einnig á boðstólumí starfsemi sinni svo nefnda „kaupleigusamninga“ (e. purchase lease). Í þeirri tegund eignarleigusamninga er að finna ákvæði um að neytandi eignast hlutinn að leigutíma loknum með því að greiða tiltekna lokagreiðslu eða hann getur valið hvort hann vilji geri það. Við það er greinimark tilskipunarinnar miðað en sem fyrr segir er núverandi orðalag í frumvarpstextanum of víðtækt og því nauðsynlegt að breyta því. Í reynd er þessi tegund samninga náskyld kaupsamningum þar sem seljandi hefur sett inn skilmála um eignarréttarfyrirvara en í þeim tilvikum áskilur seljandi sér rétt til þess að endurheimta hinn selda hlut ef lántaki efnir ekki samninginn af sinni hálfu. Af framangreindum ástæðum er því einnig nauðsynlegt að gera breytingu á ákvæði b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sjá nánar undir þeim lið í umsögninni.

## 2. 5. gr. frumvarpsins - skilgreiningar.

**b-liður 5. gr.:** Í þessum lið er að finna skilgreiningu á hugtakinu „eignarréttarfyrirvari“. Ekki er rétt að seljandi sé ávallt „eigandi söluvöru“ heldur áskilur hann sér rétt til að endurheimta söluhluti verð vanskil af hálfu kaupanda. Það er einnig augljóst af orðinu sjálfu þ.e. settur er „fyrirvari“ um eignarrétt kaupandans sem í raun virkar sem eins konar veðréttur af hálfu seljanda ef vanskil verða. Ef seljandi væri eigandi eftir sem áður þá þyrfti að sjálfsögðu ekki „fyrirvara“ um eignarrétt kaupanda.

Auk þess hefur eftir bankahrunið reynt mikið á réttarstöðu neytenda gagnvart s.n. eignarleigusamningum sem fjármögnunar- og fjármálafyrirtæki hafa gert við neytendur.

**Eignarleiga** er íslenska hugtakið sem notað er um enska hugtakið „leasing“. Ýmsar tegundir eignarleigusamninga eru til en sammerkt þeim er að gerður er samningur vegna hluta eða lausafjármuna í talsvert langan tíma svo sem 2-5 ár, jafnvel lengur.

Í sumum tilvikum **færist eignarréttur aldrei** til leigutaka heldur **skilar** hann **alltaf** hlutnum (lausafjármun) í lok leigutímans til eigandans þ.e. fjármögnunarfyrirtækisins Þetta ræðst af þeim samningi sem aðilar gera sín á milli. **Rekstrarleiga** er dæmi um slíkt, t.d. þegar að lántaki fær t.d. bifreið til afnota í 3 ár, og innifalið í leigugjaldi er í raun fjármagn vegna stofnfjárfestingarinnar, jafnvel smurning og þjónusta, en ekki eldsneyti.

Önnur tegund af eignarleigu sem einnig er mjög algeng á markaði er s.n. **kaupleiga** (e. purchase lease) stundum eru þessir samningar einnig nefndir „fjármögnunarleiga“.

Þeir eru einnig til lengri tíma en það sem skilur þessa samninga frá þeim fyrri er að lántaki skv. skilmálum samningsins fær annaðhvort **sjálfkrafa** eða valkvætt, **kauprétt** á hlutum þ.e. í slíkum samningi er því fyrirframgefið loforð frá leigusala (fjármögnunarfyrirtækinu) um að gegn ákveðinni **eingreiðslu** í lok samnings fái hann eignarrétt að hlutum.

Hér er því um að ræða efnislega sömu aðstöðu í þessari samningsgerð og þegar kaup eru gerð með eignarréttarfyrirvara. Megin munurinn er sá að „afsal“ fer fram í upphafi þegar gerður er samningur með eignarréttarfyrirvara en við kaupleigu fer afsal fram í lok leigutíma gegn fyrirfram ákveðinni eingreiðslu.

Þess vegna verður að mati Neytendastofu að beita sömu viðmiðum varðandi báðar framangreindar tegundir samninga, þ.e. kaup með eignarréttarfyrirvara og svo eignarleiga þar sem að lántaki skv. skilmálum samnings færi annaðhvort sjálfkrafa eða valkvætt rétt til að „eignast“ lánshlutinn.

Nauðsynlegt er því að breyta orðalagi og gæti ákvæðið því hljóðað svo:

**Eignarréttarfyrirvari:** Þegar veitt er lán við sölu á lausafé þar sem lánveitandi, sem einnig er seljandi, hefur áskilið sér rétt til að endurheimta hlutinn ef kaupandi uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningi. Undir hugtakið falla einnig leigusamningar vegna afnota af hlut svo framarlega sem markmið með samningi er að lántaki verði eigandi hlutarins.

Framangreint ákvæði á sér fyrirmynd í dönskum lögum um neytendalán en það hljóðar svo:

*Ved køb med ejendomsforbehold forstås et kreditkøb, hvor det er aftalt, at sælgeren kan tage det solgte tilbage, hvis køberen ikke opfylder sine forpligtelser. Som køb med ejendomsforbehold anses også en aftale, der er betegnet som lejekontrakt, eller hvorefter betalingen i øvrigt fremtræder som vederlag, for brug af tingen. såfremt at det må antages at have været meningen, at modtageren af tingen skal blive ejer af den.*

Íslenskur samninga- og kröfuréttur byggir á sömu grunnreglum og danskur réttur og framangreint ákvæði er einnig þar sett í tilefni af innleiðingu Dana á tilskipun ESB um neytendalán. Sömu grunnsjónarmið eiga því jafnt við á Íslandi sem og í Danmörku varðandi nauðsyn þess að hafa framangreint ákvæði skýrt að þessu leyti. Loks vill Neytendastofa ítreka að mjög hefur reynt á þessi atriði í kjölfar efnahagshrunsins enda ná gildandi ákvæði í lögum um neytendalán nr. 121/1994 aðeins til eignarréttarfyrirvara, en reynslan hér á landi s.l 3 ár sýnir að þetta er ófullnægjandi.

**c-liður 5. gr. :** Í þessum lið er kveðið á um fasta útlánsvexti, sbr. tilskipun um neytendalán. Í skilgreiningunni er notað orðið „hlutfall“ en í tilskipuninni og í venjulegu máli er notað orðið „prósenta“ Lagt er til að orðalagi verði því breytt þannig:

**Fastir útlánsvextir:** Þegar lánveitandi og neytandi samþykkja, í lánssamningi, sömu útlánsvexti á öllu lánstímabilinu eða mismunandi útlánsvexti á mismunandi tímabilum

*samnings þar sem eingöngu er notuð föst tiltekin **prósenta**. Ef ekki eru allir útlánsvextir ákvarðaðir í lánessamningi skulu þeir aðeins teljast fastir útlánsvextir á þeim tímabilum þegar útlánsvextir eru eingöngu ákvarðaðir með fastri, tiltekinni **prósentu** sem er samþykkt við gerð lánessamnings.*

**d-liður 5. gr. :** Í þessum lið er að finna skilgreiningu sem ekki er að finna í tilskipun ESB. Tekið er fram að greiðslumat skuli byggjast á „viðurkenndum neysluviðmiðum“. Í athugasemdum við frumvarpið er ekki skýrt nánar við hvað er átt. Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um hvaða neysluviðmið skuli viðurkennd og hvernig slík viðurkenning fæst ef ætlunin er að nota fleiri en eitt neysluviðmið. Rétt er að benda á að á vegum velferðarráðherra hefur verið unnið að gerð samræmds neysluviðmiðs sem Umboðsmaður skuldara hefur umsjón með. Væntanlega er við það miðað að greiðslumat skuli eftir gildistöku laganna framkvæmt með hliðsjón af því neysluviðmiði en ekki öðrum. Af þeirri ástæðu er lagt til að orðalagi þessa liðar verði breytt þannig að ákvæðið hljóði svo:

**Greiðslumat:** *Útreikningur á greiðslugetu lántaka miðað við eignir, skuldir, gjöld og tekjur, sem m.a. byggjast á **opinberlega** viðurkenndum **íslenskum** neysluviðmiðum.*

**g-liður 5. gr. :** Í þessum lið er skilgreint hugtakið „heildarlántökukostnaður“ en hugtakið er skilgreint í tilskipuninni. Inn í 1. málslið þessarar skilgreiningar hefur verið bætt við orðinu „verðbætur“ á eftir orðinu vextir. Þetta atriði er ekki að finna í skilgreiningu hugtaksins í tilskipun ESB og þarf að fella brott. Verðbætur reiknast á höfuðstól lánsins en ef lán er verðtryggt eru vextir almennt lægri en ef um er að ræða óverðtryggt lán. Mikilvægt er að mati Neytendastofu að samhliða upplýsingum um heildarlántökukostnað þá verði neytendum við gerð lánasamninga veittar ítarlegar upplýsingar um þróun vísitölu og hvernig að höfuðstóll lánsins getur tekið breytingum miðað við þróun hlutaðeigandi vísitölu á undangengnum árum. Þegar lán er veitt þá er ekki í upphafi lánveitingar hægt að gera neytanda grein fyrir þeim kostnaði sem bætist við af þessum sökum enda er ekki gert ráð fyrir því í skilgreiningu ESB að hugsanlegar og ófyrirséðar verðbætur komi inn í útreikning á heildarlántökukostnaði og því er þar ekki að finna orðið „verðbætur“.

Neytendastofa telur að það sé full ástæða til þess að bæta inn í frumvarpið sérstöku ákvæði um skyldu lánveitenda til að upplýsa neytendur sérstaklega um áhrif verðbóta s.s. vegna vísitölu á væntanlega þróun á heildarstöðu höfuðstóllánsins, t.d. inn í II. kafla frumvarpsins, upplýsingar og starfsvenjur áður en lánessamningur er gerður.

Að svo stöddu er þó ekki gerð bein tillaga hér að slíkri nýrri lagagrein. Neytendastofa vill þó hér með hvetja nefndina til þess að huga að því hvort unnt sé að bæta inn ákvæði sem varðar upplýsingagjöf til neytenda um hvernig að ætla megi að höfuðstóll verðtryggðra lána muni taka breytingum byggt á upplýsingum um þróun undangenginna ára.

Í 2. málslið er notað orðið „innifalinn“. Betur færi á því að breyta því orðalagi einnig.

Miðað við framangreindar athugasemdir varðandi 1. og 2. másl. þá gæti þessi liður hljóða svo að mati Neytendastofu (og ath. sleppt er út orðinu „verðbætur“ í 1. másl.

og bætt er við orðinu „samanlagður“ í 1. málsli):

**Heildarlántökukostnaður:** *Allur samanlagður kostnaður, þ.m.t. vextir, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum vátryggingariðgjöld, er einnig tekinn með í útreikninginn svo framarlega sem það er skylt að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fáiast eða til að fá það með þeim skilmálum og kjörum sem auglýstir eru.*

**h-liður 5. gr. :** Í þessum lið er hugtakið lánamiðlari skilgreint sbr. einnig samsvarandi skilgreiningu í tilskipun ESB. Við samanburð á texta sést að mismunur er á orðalagi en mikla áherslu verður að leggja á að vegna orðalags á íslensku falli ekki utan við gildissvið laganna starfsemi sem skylt er samkvæmt tilskipuninni að fari eftir ákvæðum hennar. Hér því lagt til að orðalag verði lagfært og gæti þá ákvæðið hljóðað svo:

**Lánamiðlari:** *Einstaklingur eða lögaðili sem starfar ekki sem lánveitandi og sem innan ramma starfsemi sinnar, viðskipta eða sérgreinar, gegn gjaldi, þóknun eða annars konar fjárhagslegum ávinningi, kynnir eða býður neytendum lánsamninga, aðstoðar neytendur með því að taka að sér undirbúningsvinnu fyrir lánsamninga eða gerir lánsamninga við neytendur fyrir hönd lánveitanda.*

**j-liður 5. gr.:** Orðalag þessa liðar virðist byggjast á íslenskri þýðingu á tilskipuninni á samsvarandi atriði sem ekki er nægilega góð. Hér þyrfti því að lagfæra textann og taka mið af enskum texta tilskipunarinnar. Orðalag þessa liðar gæti verið svo:

**Lánsamningur:** *Samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán með greiðslufresti, eða sambærilega fjárhagslega fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samnings, þó ekki samningar um reglulega afhendingu á vörum eða um veitingu á samfeldri þjónustu þar sem neytandi greiðir reglulega af slíkri þjónustu eða vöru svo lengi sem hún er látin í té.*

Tilgangur ákvæðisins er að afmarka t.d. áskriftarsamninga og framangreint orðalag telur Neytendastofa skýri betur en núverandi frumvarpstexti við hvað er átt.

**k-liður 5. gr.:** Skilgreining í þessum lið byggir á samræmdri skilgreiningu samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar en orðalagi er breytt. Neytendastofa telur orðalag þessa liðar eigi að vera í samræmi við texta tilskipunarinnar. Í aðildarviðræðum Íslands og ESB hafa komið fram sjónarmið um mikilvægi þess að ekki sé vikið frá texta nema að því leyti sem kann að vera nauðsynlegt vegna málfars og að inntaki skilgreininga sé ekki breytt. Þessi liður gæti því hljóðað svo:

**Lánveitandi:** *Einstaklingur, lögaðili eða hópur sem veitir eða lofar að veita lán innan ramma viðskipta sinna, atvinnustarfsemi eða sérgreinar.*

**l-liður 5. gr.:** Í þessum lið er að finna skilgreiningu hugtaksins „neytandi“ sem er jafnframt skilgreint í samræmdum texta tilskipunarinnar. Neytendastofa telur mikilvægt, m.a. vegna sjónarmiða sem hafa komið fram í aðildarviðræðum við ESB

að orðalag hér verði eins nálægt orðalagi tilskipunartextans og hægt er því það treystir réttaröryggi og dregur úr réttaróvissu. Það er t.d. gert í frumvarpi til laga um skiptileigusamninga sem nýlega var lagt fram á Alþingi. Hér er því lagt til að orðalagi verði breytt og það hljóði þannig:

***Neytandi: Einstaklingur sem í viðskiptum tekur lán sem lög þessi ná til, og starfar að markmiðum sem eru utan viðskipta hans, atvinnustarfsemi eða sérgreinar.***

**n-liður 5. gr. :** Í þessum lið virðist tilgangurinn að innleiða skilgreiningu tilskipunarinnar á enska hugtakinu „overrunning“ en það hefur verið þýtt í íslenski þýðingu tilskipunarinnar sem „yfirdráttur“. Ljóst er að nauðsynlegt er hér sem fyrr að tryggja samræmi og rétta notkun hugtaka en auk þess verður ekki annað séð en að hugtakið eins og það er sett fram í frumvarpinu sé í raun illskiljanlegt. Auk þess missir skilgreining frumvarpsins á „yfirdráttarheimild“ á vissan hátt marks ef ekki finnst í skilgreiningarkafnanum framangreind skilgreining á hvað sé „yfirdráttur“. Ennfremur ber þess að gæta að hugtakið „yfirdráttur“ samkvæmt tilskipuninni nær bæði til þess að enginn skriflegur samningur er til staðar, aðeins þegjandi samþykki lánveitanda svo og til þess að farið er yfir sammingsbundna yfirdráttarheimild, sbr. nánar skilgreiningu tilskipunarinnar.

Það er því rökbundin nauðsyn að hafa skilgreininguna í frumvarpinu rétta og í samræmi við tilskipunina og þau tilvik sem verið er að setja reglurnar um.

Af þessari ástæðu verður að lagfæra orðalagið hér og gæti því þessi liður orðast þannig:

***Yfirdráttur: yfirdráttur með þegjandi samþykki þar sem lánveitandi veitir neytanda aðgang að sjóðum umfram gildandi stöðu á innlánsreikningi neytandans eða samþykta yfirdráttarheimild.***

Framangreind skilgreining er í samræmi við íslenskt orðalag á þýðingu tilskipunarinnar og mikilvægt að ruglingur skapist ekki varðandi þetta atriði.

Auk þess verður að breyta þessu orði í 20. gr. frumvarpsins verði framangreind breyting gerð.

**q-liður 5. gr. :** Í þessari skilgreiningu er notað orðið „tékkareikningur“ en orðið „tékki“ hefur sérstaka lagalega merkingu og þeir eru yfirleitt ekki lengur notaðir í viðskiptum. Lagt er því til að í stað þessa orðs verði notað orðið „innlánsreikningur“ eða „viðskiptareikningur“ en í enskri útgáfu tilskipunarinnar er notað orðið „current account“. Orðalag þessa liðar gæti því hljóðað svo:

***Yfirdráttarheimild: Lánssamningur þar sem lánveitandi veitir neytanda aðgang að fjárhæð umfram inneign á innlánsreikningi neytandans.***

### 3. 6. gr. frumvarpsins – upplýsingar sem fram eiga að koma í auglýsingum.

Í þessari grein er m.a. fjallað um hvaða eigi að koma fram í auglýsingum og öðru kynningarefni fjármálafyrirtækjanna. Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með

viðskiptaháttum og markaðssetningu er í III. kafla laganna fjallað um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda og er þar að finna reglur varða auglýsingar og kynningar fyrirtækja. Við undirbúning frumvarpsins lagði Neytendastofa til við efnahags- og viðskiptaráðuneytið ákvæði um auglýsingar vegna neytendalána væru sett inn í framangreind lög. Frumvarp þess efnis var sent ráðuneytinu, sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Ráðuneytinu þótti ekki ástæða til þess að setja þetta ákvæði inn í lög nr. 57/2005 en Neytendastofa telur engu að síður að það sé til bóta að ákvæðum um auglýsingar fyrirtækja sé ekki dreift að óþörfu í löggjöfinni. Í Danmörku var einmitt valin sú leið að breyta lögum um markaðsfærslu og skipa þessu ákvæði þar fremur en að setja þau inn í lög um neytendalán. Neytendastofa vill því benda Alþingi á þann möguleika að endurskoða þetta og setja ákvæði þetta frekar inn sem 10. gr. a. í lög nr. 57/2005.

Verði það ekki gert þá vill stofnunin gera eftirfarandi tillögur varðandi 6. gr. frumvarpsins:

**b-liður 6. gr. :** Í þessum lið mælir tilskipunin fyrir um í 4. gr.(1) að geta skal um „heildarfjárhæð láns“. Í frumvarstextanum hefur verið bætt við orðunum „sem unnt er að veita miðað við gefnar forsendur, og ef við á, lánshlutfall“. Framangreind orð eru ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar sem er fullsamræming á lögum aðildarríkjanna.

Lagt er því til að framangreind orð verði því felld brott.

Í tilskipuninni er að finna ákvæði í 4. gr.(3) um skyldur lánamiðlara til að upplýsa um stöðu sína. Í frumvarpinu er þetta ákvæði innleitt í sérstakri grein mun aftar í frumvarpinu, sjá 22. gr. frumvarpsins. Hér kemur til álita að skipa fremur því ákvæði hér þar sem tenging er við ákvæði um auglýsingar o.þ.h. Það er einnig í betra samræmi við tilskipunina. Hér færi því betur á að bæta inn nýrri málsgrein um þetta atriði sem gæti hljóðað svo:

*Lánamiðlara ber í auglýsingum og öðrum kynningum, þ.m.t. skjölum til neytenda að upplýsa þá um umfang starfsemi sinnar, einkum hvort hann starfi eingöngu að miðlun lána frá einum lánveitanda eða fleirum.*

Verði það gert þarf væntanlega einnig að færa annan texta úr 22. gr. inn í þessa grein frumvarpsins.

#### 4. 7. gr. – upplýsingar áður en samningur er gerður.

**Ákvæði 2. mgr. 7. gr.– stöðluð eyðublöð:** Í þessari grein er fyrst getið um hin samræmdu og stöðluðu eyðublöð sem öllum EES ríkjum ber að innleiða samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Neytendastofa vill benda á að í Danmörku og ýmsum ríkjum þá er hið staðlaða eyðublað birt sem fylgiskjal laganna. Neytendastofa vill hvetja Alþingi til þess að skoða hvort ekki sé ástæða til að fara slíka leið varðandi þau stöðluðu skjöl sem skylt er að innleiða og nota í viðskiptum við neytendur.

**j-liður 3. mgr. 7. gr. :** Í þessum lið er getið um þinglýsingarkostnað og er það í samræmi við tilskipunina. Í frumvarpstextanum er hins vegar bætt við orðunum „eða

skráningar lánsamnings“.

Neytendastofa telur að framangreind orð séu ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og því beri að fella þau brott.

Þannig geti þessi liður hljóðað svo:

***j-liður 3. mgr. 7. gr.:** ef, við á kostnað sem neytandi kann að þurfa að greiða vegna þinglýsingar .*

Verði gerð slík breyting þarf að gera samsvarandi breytingu í n-lið 12. gr. frumvarpsins

#### 5. **10. gr. – mat á láns hæfi neytanda.**

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu til að meta láns hæfi neytanda áður en lánveiting fer fram. Í greininni er ekki vikið neitt nánar að framkvæmdinni og ekki hvernig með skuli fara verði verulegar breytingar á lánveitingum. Neytendastofa telur að það væri til bóta að kveða nánar á um þetta. Æskilegt væri því að bæta við 1. mgr. þannig að hún gæti orðast svo:

***Fyrsta málsgrein 10. gr:** Áður en samningur um neytendalán er gerður skal lánveitandi meta láns hæfi neytanda á grundvelli upplýsinga sem neytandi leggur fram eða lánveitandi aflar úr gagnasafni. Ákveði lánveitandi og neytandi að breyta heildarfjárhæð lánsins eftir að samningur er gerður þá skal lánveitandi uppfæra þær fjármálalegu upplýsingar sem hann hefur um neytandann. Hið sama gildir í hvert sinn sem veruleg hækkun verður á heildarlánveitingu til neytanda.*

#### 6. **12. gr. – upplýsingar i láns samningi.**

Orðalag í p-lið 2. mgr. 12. gr. þarf að mati Neytendastofu að lagfæra og mætti orðast svo:

***p-liður 2. mgr. 12.gr.:** réttur til að falla frá samningi og innan hvaða frests neytandi má nýta þann rétt og önnur skilyrði um þann rétt neytandans, þ.m.t. upplýsingar um þá skyldu neytanda að greiða það endurgreiða þann hluta höfuðstólsins sem hefur verið notaður ásamt vöxtum í samræmi við b-lið 3. mgr. 16. gr. og vaxtafjárhæðina sem fellur til greiðslu hvern dag,*

Í e-lið 5. mgr. 12. gr. er lagt til að í stað orðanna „beitingu útláns vaxta“ komi „ákvörðun útláns vaxta“ þar sem að orðið „beiting“ virðist fremur notað við stjórnun vaxta á bankamarkaði, t.d. er Seðlabanki Íslands notar vald sitt til vaxtaákvæðana o.þ.h.

#### 7. **20. gr. frumvarpsins – óheimill yfirdráttur.**

Vísað er til athugasemda hér framar um skilgreiningar og að ekki sé rétt að nota orðið „óheimill“ hér. Lagt er því til að orð þetta **falli brott.**



Í fyrstu málsgrein er einnig notað orðið „tékkareikningur“ sem Neytendastofa hefur hér framar lagt til að verði fellt brott og í þess stað sett inn orðið „**innlánsreikningur**“.

## 8. **23. gr. frumvarpsins – kaup með eignarréttarfyrrvara.**

Vísað er til athugasemda hér framar um að nauðsynlegt er að mati Neytendastofu að fara svipaða leið og gert hefur verið í Danmörku þar sem að sú tegund eignarleigusamninga sem veitir lántaka sjálfkrafa eða valkvæðan rétt til að eignast hlut í lok leigutíma fái sömu stöðu og réttarvernd og þegar neytendur fá strax í upphafi eignarrétt að hlut en þó með s.n. eignarréttarfyrrvara frá seljanda sem selur hlutinn gegn greiðslu afborgana í tiltekinn tíma.

### 1. **mgr. 23. gr.:**

*Neytendastofa telur einnig nauðsynlegt að fyrir framan orðið „endurheimt“ í 1. mgr. komi orðið „með fógetagerð“*

Mikil umræða hefur verið um það á undanförunum árum hvort unnt sé að endurheimta lausafé, t.d. bifreiðar beint og án aðstoðar fógetaréttarins eða héraðsdóms vegna vanskila af hálfu neytenda, sbr. lög nr. 90/1989, um aðför. Orðalag frumvarpsins mætti túlka að slíkt væri heimilt lánveitanda án slíkrar milligöngu þeirra sem annast réttarvörslu í landinu.

Þegar að neytandi hefur hlut á leigu og hvorki hefur átt sér stað tilfærsla á eignarrétti né heldur er það markmið aðila að aðili eignist hlutinn þegar um slíka „hreina leigusamninga“ er að ræða þá er allt önnur staða uppi og því ekki þörf á sömu vernd vegna vanskila enda afnotin háð greiðslu á gjalddaga og ekki verið að svipta eiganda eignarrétti að lausafjármun.

Í **2. mgr. 23. gr.** er að finna ákvæði sem er ætlað til leiðbeiningar við uppgjör vegna aðfarar- eða fógetagerðarinnar sem fram fer undir þeim kringumstæðum sem um ræðir í 23. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er fremur óljóst og veitir að mati Neytendastofu ekki fullnægjandi leiðbeiningar varðandi þessi atriði.

Nauðsynlegt er því að mati Neytendastofu að setja fyllri ákvæði að þessu leyti og þar má einkum líta til dæmis til 38. gr. dönsku laganna um neytendalán, sbr. 28. gr. þeirra sömu laga. Í framangreindum ákvæðum má finna skýrar fyrirmyndir um á hvaða grunnforsendum virðing og uppgjör skuli fara fram.

**2. mgr. 23. gr. :** Lagt er til að ákvæði um uppgjör verði útfært nánar.

Í 5. mgr. kemur fram að komi upp ágreiningur um hvert sé verð söluhlutar þá sé skylt að fá matsgerð frá „dómkvöddum manni“. Þetta felur í sér mikinn kostnað og engin ástæða er til þess á þessu stigi máls að fá slíkan aðila heldur nægir að leitað sé til óhlutdrægs og sérfróðs matsmanns. Þau gögn eru svo lögð fram hjá dómara við aðförina (fógetagerðina) fer gerðin fram á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Í því tilviki að verulegur ágreiningur er enn á milli aðila þá er ávallt heimilt að óska eftir dómkvaðningu matsmanns. Með hliðsjón af framansögðu leggur Neytendastofa til að

5. mgr. 23. gr. verði breytt og gæti hún orðast svo:

**5. mgr 23. gr.:** *Komi upp ágreiningur um hvert sé verð söluhlutar á almennum markaði skal hann útkljáður með matsgerð sérfróðs og óhlutrægs manns. Matsmaður skal ákveða hvernig háttað skuli greiðslu vegna kostnaðar við matið. Nú er ágreiningur um matsgerð og er þá unnt að óska eftir nýrri matsgerð með dómkvaðningu matsmanns.*

Neytendastofa vill að lokum áréttu mikilvægi þess að ný lög um neytendalán verði eins skýr og unnt er. Það er öllum til hagsbóta, þ.e. neytendum, lánveitendum og eftirlitsstjórnvaldinu. Skýr lög stuðla að meira réttaröryggi og traustri framkvæmd af hálfu þeirra sem fylgja eiga lögnum.

Loks vill Neytendastofa þakka fyrir að fá tækifæri til að veit umsögn um frumvarp þetta til nýrra laga um neytendalán. Óski nefndi eftir frekari upplýsingum er stofnunin reiðubúin til þess að veita þær eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst  
f.h Neytendastofu



Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Fskj. Tillaga um breytingu á lögum nr. 57/2005 í formi frumvarps.

## Fylgiskjal – umsögn til Alþingis 9. maí 2012

Neytendastofa – drög 3.02.2012.

### Frumvarp til laga um breytingu

#### á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með markaðssetningu og viðskiptaháttum

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012)

##### 1. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verði 10. gr.a. sem orðist svo:

Í hvert sinn sem lánsamningur er markaðssettur, þ.e. auglýstur eða boðinn fram þar sem að útlánsvextir eða aðrar tölfræðilegar upplýsingar eru veittar í tengslum við lánsamninginn ber ávallt að taka fram þær stöðluðu upplýsingar sem taldar eru upp í 2. mgr.

Staðlaðar upplýsingar, sbr. 1. mgr. skulu á skýran og ótvíræðan hátt, og einnig með dæmum, innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- (1) Útlánsvextina, fasta, breytilega eða hvoru tveggja, auk upplýsinga um kostnað sem fellur undir heildlántökukostnað neytenda vegna lánsammansins.
- (2) Heildarfjárhæð láns.
- (3) Árleg hlutfallstala kostnaðar í prósentum, eins og hún er reiknuð út samkvæmt lögum um neytendalán.
- (4) Gildistími sammansins.
- (5) Staðgreiðsluverð vörunnar eða þjónustunnar og fjárhæð hugsanlegrar fyrirframgreiðslu, þegar að greiðslu fyrir vöru eða þjónustu er frestað.
- (6) Heildarfjárhæð sem neytandi greiðir.

Hafi verið gerður samningur um hliðar- eða viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, s.s. trygging er skyldubundin til þess að geta fengið lán eða til að fá lán á þeim kjörum sem hefur verið auglýst og ekki er hægt að reikna fyrirfram slík útgjöld (kostnað) þá verður að taka fram á skýran og ótvíræðan hátt að skylt sé að gera slíkan samning, auk árlegrar hlutafallstölu kostnaðar.

Lánamiðlara ber í auglýsingum og öðrum kynningum, þ.m.t. skjölum til neytenda að upplýsa þá um umfang starfsemi sinnar, einkum hvort hann starfi eingöngu að miðlun lána frá einum lánveitanda eða fleirum.

##### 2. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Frumvarp þetta hefur verið undirbúið í tengslum við innleiðingu á nýrri tilskipun ESB um neytendalán sem leysir af hólmi eldri tilskipun um sama efni sem var innleidd hér á landi með setningu laga nr. 121/1994, um neytendalán. Frá þeim tíma hefur neytendavernd verið í mikilli þróun hér á landi og eftirlit á sviði neytendamála verið aukið. Árið 2005 var Neytendastofu stofnuð með lögum en stofnunin annast framkvæmd laga nr. 57/2005, um eftirlit með markaðssetningu og viðskiptaháttum. Í þeim lögum er m.a. að finna ítarleg ákvæði um viðskiptahætti og markaðssetningu s.s. með auglýsingum og á annan hátt. Ljóst er að fjármálafyrirtæki stunda auglýsa mikið vörur sínar einkum neytendalán. Nauðsynlegt er því að samhliða samþykkt nýrra laga um neytendalán séu sett nánari ákvæði í lög nr. 57/2005 um skyldur slíkra fyrirtækja varðandi auglýsingar og annað kynningarefni sem beint er til neytenda. Frumvarp þetta tekur mið af ákvæðum hinnar nýju tilskipunar ESB um neytendalán og frumvarpi því sem ætlað er að innleiða ákvæði hennar í íslenskan rétt. Frumvarp þetta er auk þess gert að danskri fyrirmynd en það er ótvíræður kostur við framkvæmd laganna og töku stjórnvaldsákvarðana í framtíðinni að geta haft eftiratvikum haft hliðsjón af dönskum fordæmum við úrlausn sambærilegra mála en nán samvinna er á milli stjórnvalda á þessu sviði.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.